

Ed. 194. Frumvarp til laga [108. mál]

um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskár.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Lög nr. 27/1954, um verðlagsskár, eru hér með felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, voru yfirskattanefndir lagðar niður, en samkvæmt 3. gr. laga nr. 27/1954, um verðlagsskár, skyldu þær setja verðlag á búpening þann og innlenda vöru, sem venja er að taka á verðlagsskrá. Samkvæmt 55. gr. laga nr. 70/1962 skulu skattstjórar leysa af hendi þau störf, sem yfirskattanefndum voru falin samkvæmt lögum og reglugerðum, en þar sem talið er, að ákvæði laga um verðlagsskár hafi ekki lengur hagnýtt gildi, er ástæðulaust að halda útreikningi þeirra áfram, er því lagt til, að honum verði hætt og lög afnumin.

Leitað hefur verið umsagnar Búnaðarfélags Íslands um það, hvort ekki megi fella lög in úr gildi. Umsögn stjórnar félagsins, dags. 8. marz 1963, er á þessa leið: „Stjórn Búnaðarfélags Íslands sér ekki eins og nú er komið, að það hafi neina praktíska þýðingu að halda í lög þessi.“